



Guðmundur Einarsson frá Miðdal

Guðmundur Einarsson frá Miðdal

Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Municipal Art Museum

maí – júní 1995

Sýning á vatnslitamyndum Guðmundar Einarssonar er haldin til að minnast 100 ára afmælis hans nú á þessu ári. Guðmundur fæddist hinn 5. ágúst 1895.

Vatnslitamyndir Guðmundar eru afmarkaður kafli á löngum og fjölbættum listferli hans. Hann fékkst við vatnsliti í æsku, lagði þá síðan til hliðar í áratugi, en tók upp þráðinn að nýju um 1950. Hófst þá frjósamt tímabil í listsköpun hans allt til æviloka. Náttúran var Guðmundi óþrjótandi uppspretta innblásturs. Í vatnslitamyndunum túlkar hann af innlifun fegurð og fjölbreytileika íslenskrar og norrænnar náttúru. Hann leiðir okkur um öræfi og óbyggðir Íslands, sýnir okkur sífellda umskrift veðurs og árstíða á ljósbrigði og litbrigði jarðarinnar.


Fyrir hönd menningarmálanefndar og Kjarvalsstaða vil ég koma á framfæri sérstöku þakklæti til frú Lydiu Pálsdóttur, ekkju Guðmundar Einarssonar, og barna þeirra, einkum Ara Trausta Guðmundssonar, fyrir ómetanlega hjálp við þessa sýningu.

This exhibition of watercolours by Guðmundur Einarsson from Middalur is held to mark this year's centenary of the artist's birth on August 5, 1895.

Guðmundur Einarsson's watercolours represent a distinct chapter in his long and diverse artistic career. After working in watercolours in his youth, he abandoned the medium for several decades, then returned to it around 1950, when a fertile artistic period began which continued for the rest of his life. Nature was an inexhaustible source of inspiration for Guðmundur Einarsson. His watercolours are spirited interpretations of the beauty and diversity of Icelandic and Nordic nature. He guides us through the uninhabited wilds of Iceland, showing us the continuous impressions made by the weather and seasons on the light and hues of the earth.

On behalf of the Cultural Committee of the City Reykjavík, and the Reykjavík Municipal Art Museum, I would like to extend my special thanks to Mrs. Lydiá Pálsdóttir, who is Guðmundur Einarsson's widow, and their children, especially Ari Trausti Guðmundsson, for their invaluable help in arranging this exhibition.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar / Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík



Sótt á brattann

Vatnslitamyndir Guðmundar Einarssonar frá Miðdal
1950–1963

1) Tíminn, 19. nóv. 1955.

Hver sem vill vera einlægur í listinni verður að vinna í samræmi við sinn hugmyndaheim. Guðmundur Einarsson, 1955 ¹⁾

Guðmundur Einarsson frá Miðdal (1895–1963) var meðal þeirra listamanna sem litu á náttúruna sem eina meginforsendu listrænnar sköpunar sinnar, og hún var sú þungamiðja sem hugmyndaheimur hans hverfðist um. Náttúran sem efniviður listrænnar túlkunar hefur löngum verið eitt helsta viðfangsefni íslenskrar myndlistar. Sú náttúrusýn sem þar endurspeglast er margbreytileg og persónubundin. Listamenn hafa tekið afstöðu til umhverfisins, túlkað það og mótað út frá mismunandi hugmyndaegum og stíllegum forsendum.

Listrænn ferill Guðmundar einkenndist af mikilli atorku ásamt fjölbreyttri þekkingu á tjáningarmiðlum listarinnar. Hann var oftast kenndur við myndhöggvarastarfíð en fékkst einnig við olfumálun, leirmunagerð, svartlist, kvikmyndatöku og ljósmyndun. Auk þess var hann mikilvirkur rithöfundur. Í tengslum við leirmunagerð sína stundaði Guðmundur einnig víðtækar jarðvegsrannsóknir.

Guðmundur lagði grunninn að hinni fjölbreytilegu tækniþekkingu sinni strax á námsárunum í Kaupmannahöfn og München 1919–25, en þar lagði hann stund á höggmyndagerð, veggmyndamálun með fresco-tækni, svartlist og leirbrennslu auk hefðbundins teikni- og listmálaranáms. Strax að námi loknu varð Guðmundur afar virkur í íslensku listalífi. Hann hélt einkasýningar í Reykjavík á málverkum og höggmyndum svo til árlega frá 1925 allt til dánardags 1963 og sýndi auk þess erlendis, sérstaklega í Þýskalandi og á Norðurlöndum. Hann setti á fót leirmunagerðina „Listvínahúsið“ 1930 og veitti því forstöðu til 1955. Lágmyndir og höggmyndir Guðmundar má sjá víða um land, og hann fékkst einnig við steinda kirkjuglugga.

2) Tíminn, 19. nóv. 1955.

Vatnslitamálun Guðmundar var enn einn þáttur í hinu víðfedma starfi hans. Hann hafði sem ungur maður nær eingöngu notað vatnsliti, síðan lagt þá til hliðar um árabíl, en tók um 1950 upp þráðinn þar sem frá var horfið og hófst þá frjósamt tímabil vatnslitamálunar sem stóð allt til æviloka. ²⁾ Vatnslitamálun á Íslandi stóð í skugga olfumálverksins og var ekki metin til jafns við það, en þó viðurkennd sem sjálfstæð listgrein og ber að nefna Ásgrím Jónsson sem helsta frumkvöðul vatnslitamálunar á Íslandi. Þessi listgrein krefst agaðra vinnubragða, og það þarf hraða og hæfni til að spila af fingrum fram til að ná undirtökunum í glímunni við þennan sjálfræða miðil sem vill renna og fljóta út fyrir þau mörk sem listamaðurinn ætlar honum. Í samspili pappírs og vatnslitar felast eiginleikar ólíkir þeim sem búa í olfu og striga. Yfirborð pappírsins virkar með vatnslitnum, skín jafnvel í gegnum hann. Samvirkni þessara þátta gerir kleift að endurspegla tærleika og gagnsæi og fá fram myndflöt sem tindrar af ljósi og atmósferu. Þessir eiginleikar vatnslitarins gera hann einkar hentugan til að miðla kvikum náttúrustemningum svo sem leik ljóss á vatni og landi, gagnsæi himinsins eða sibreytilegu skýjafari, og fanga þannig hverfula stemningu litar og ljóss. Ætla má að það hafi einmitt verið þessir eiginleikar vatnslitarins sem Guðmundur Einarsson skír-

skotar til þegar hann segist hafa notað vatnslitina til að mála skyndimyndir úr ferðalögum sínum.³⁾

Guðmundur Einarsson var við nám í Þýskalandi á árunum 1920–25 en þó er ekki í verkum hans að finna afgerandi skírskotanir til hræringa í evrópskri samtímalist, hvorki formrænt né inntakslega. Framsæknir listamenn í Evrópu leituðust við að túlka þá flóknu heimsmýnd sem við þeim blasti í lok heimsstyrjaldarinnar fyrri. Hin klassísku gildi listarinnar og hefðir málverksins voru brotin niður með það fyrir augum að finna nýjar leiðir til að túlka nýjan og firrtan raunveruleika. Afstaða Guðmundar til samtímans og siðmenningarinnar var á öndverðum meiddi við skoðanir framsækinnna hugmyndasmiða hins evrópska borgarsamfélags. Hann hafnaði þeirri afstöðu að klassísk list væri úrelt tjáningarform en hallaðist þess í stað eindregið að klassískri myndhefð sem merkingarbærum tjáningarmiðli. Það má leiða að því getum að þessi afstaða hafi mótast af uppruna hans, hinum sterku tengslum við rötgróid íslenskt bændasamfélag, og auk þess hefur skortur á íslenskri myndlistarhefð einnig átt þar hlut að máli. Hann segir í viðtali 1956: *Ég kynntist hinni klassísku list fyrri alda og gat borið hana saman við hinar fálmkennðu ofstækisfullu tilraunir hinna svokölluðu nútímalistamanna — hina anarkistísku liststefnu. Ekki svo að skilja, að mig hafi langað til að stala fornu meistarana, heldur sá ég að í list þeirra var haldgöður grundvöllur til að byggja á ...*⁴⁾

4) Suðurland, 8. des. 1956.
Viðtal Guðmundar Daníelssonar
við Guðmund Einarsson.

Þegar olíuverk Guðmundar eru skoðuð má sjá að stíllegar og hugmyndaugar forsendur þeirra rúmast innan ramma hins hefðbundna myndmáls. Megineinkenni þeirra er ströng en hefðbundin formbygging og dempað litróf. Hann túlkar í olíuverkum sínum hvernig kraftar náttúrunnar umskrifu og breyta formum hennar og lit. Hann málar eldgos, hrímpöku á fjöllum, óveðursský eða hrikalegt öræfalandslag Íslands, háfjöll og gróðursnaudar auðnir, en einnig dýra- og þjóðlífsmyndir.

Séu olíuverk hans og vatnslitamýndir borin saman má sjá að viðfangsefni hans eru í megindrátum þau sömu, nema hvað minna er um dýra- og þjóðlífsmyndir í vatnslitamýndunum en náttúrustemningar fá aukið vægi. Vatnslitæknin virðist þó leiða hann á braut lausbeislaðri tjáningar og meiri litagleði en olíuverkin, það virðist losna um tjáningarkraftinn og meiri innileika gætir í túlkuninni.

Hægt er að greina tvær meginstefnur eða póla í vatnslitaverkum Guðmundar. Hann málar annars vegar verk sem lúta sömu lögmálum í uppbyggingu og litrófi og olíuverk hans, til dæmis myndina **Herðubreið** (bls. 29). Með hefðbundinni myndbyggingu og strammri teikningu sýnir hann okkur þessa drottningu íslenskra fjalla upphafna og fjarlæga. Í annan stað má sjá hvernig Guðmundur leysir upp formgerð vatnslitaverka sinna og nálgast abstrakta túlkun, til dæmis í verkinu **Hauststemning** (bls. 31) frá 1962. Form náttúrunnar er ennþá forsenda verksins en það lýtur ekki lengur lögmálum hins hefðbundna myndmáls heldur flæðir óheft og sjálfsprottið, — gefur fremur til kynna náttúruupplifun en staðfræðilega skrásetningu. Meðal vatnslitamýnda hans er fjöldi nærmynda af náttúrunni, en einmitt í þeim verkum sem sýna fjölbreytileik og fínleg blæbrigði hins smágera fjallagróðurs gætir sterkar tilhneigingar til að losa um formgerð verkanna og láta litbrigði jarðarinnar mála sig sjálf, eins og sjá má í verkinu **Mosi og gróður** (bls. 28). Þessi upplausn formanna gerir listamanninum þannig kleift að miðla fjölbreytilegri náttúrusýn en áður.



Samar við tjald / Samee camp, 1952
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
36 x 26,5 cm
Eigandi / owner: Auður V. Guðmundsdóttir

Meginforsenda og mótandi afl þeirrar náttúrusýnar sem Guðmundur Einarsson miðlar í vatnslitamyndunum frá 1950–63 er hið nána en samtímis fjölbætta samband hans við náttúruna. Hann var afar virkur fjalla- og ferðamaður og frumkvöðull á sviði íslenskra hálendisferðalaga. Það má segja að hann hafi samtímis verið hinn frækni fjallamaður sem tókst á við náttúrukraftana, vísindamaðurinn sem skoðaði náttúruna og skilgreindi hana, en einnig, og umfram allt, var hann þó fagurkerinn og listamaðurinn sem leitaðist við að gefa öðrum hlutdeild í þeim áhrifum sem hann varð fyrir í náttúrunni og miðla þeim fjölbreytileika í formum og lit sem bar fyrir augu hans á ferðum um fjarlægjar slóðir.

Sá innblástur sem hann sótti til náttúrunnar virðist hafa verið honum mun dýrmætari en kynni hans af evrópski borgarmenningu. Á námstímanum og að námi loknu ferðaðist hann víða um Evrópu og einnig sótti hann heim Litlu-Asíu og Norður-Afríku. Hann heillaðist mjög af hinni litríku menningu Tyrkja og Kúrda, en einnig varð hann fyrir miklum áhrifum við að komast í snertingu við hina fornu menningararfleið Grikkja og Rómverja. Í evrópski listmenningu samtímans sá hann fátt sem hreif hugann.⁵⁾ Þegar Guðmundur lítur til baka og skilgreinir þau áhrif sem hann varð fyrir á ferðalögum sínum verður niðurstaðan sú að það sem sterkast orkaði á hann hafi verið fjöllin:

Ég notaði marga stund til að klifra þau (fjöllin) og drekka í mig þau dulmögð sem fjöllin búa yfir. Þetta hefur alla tíð verið einn sterkasti þátturinn í edli

5) Guðmundur Einarsson, Á Væringjastjóðum 1925, birt í Fjallamenn, 1946.

6) Suðurland, des. 1956.

minu... Þessi ferðalög björguðu mér að vissu leyti frá því að lenda í því öngþveiti sem listin var komin í eftir fyrri heimsstyrjöldina. ⁶⁾

Með afstöðu sinni hafnar Guðmundur borgarmenningu og því menningarlega uppgjöri sem setti svip sinn á evrópskt listalíf millistríðsáranna. Þess í stað stillir hann náttúrunni upp sem andstæðu menningarinnar á sömu forsendum og listamenn rómantísku stefnunnar á níttjándu öld. Enda segir hann í bók sinni Fjallamenn: *Á tindum uppi verður maður svo stórhuga, það er sem hugurinn fái vængi.* ⁷⁾

7) Guðmundur Einarsson, Fjallamenn, 1946, bls. 98.

Afstaða hans til náttúru sem andstæðu menningar virðist skerpast með árunum — í verkum Guðmundar kristallast sú skoðun, sem einnig verður vart víða í ritverkum hans, að náttúran sem sköpunarverk sé ofjarl sköpunarverka mannsandans. Útivist og samneyti við náttúruna sé uppspretta andagiftar og lífskrafts. Samtímis virðist hann líta á náttúruna sem ögrun. Að baki ýmsum verkum hans blundar goðsögnin um listamanninn sem hinn djarfa fjallamann sem stendur á hæsta tindi og horfir yfir víðáttuna og hefur um stund sigrast á náttúrunni. Þetta viðhorf endurspeglast í sýningardómi frá 1934: *Enginn íslenskur málarí sækir svo hressilega á brattann eftir verkefnum sem Guðmundur frá Miðdal. Hann hefir dvalið langdvölum í óbyggðum og þekkir háfjöllin og heiðarnar flestum betur. Ekki hefir hann aðeins séð fjöllin úr fjarska, heldur líka klífrað þau, séð útsýnið af hesta tindinum og kynnst þeim frá öllum hliðum.* ⁸⁾

8) Nýja Dagblaðið, 25. nóv. 1934. Jón Eyþórsson skrifar

Þótt listamaðurinn hafi um stund sigrast á náttúrunni, njóti frelsis hennar og víðsýnis eða nálægðar og ápreifanleika, þá þekkir hann krafta hennar, hefur djúpan skilning á þeim og veit að maðurinn fær ekki hamid þá. Enda túlkar Guðmundur iðulega ógnarkrafta náttúrunnar í verkum sínum og sýnir hvernig þeir umbreyta henni stöðugt og móta í ný form. Í verkinu *Laxárgljúfur* (bls. 21), 1950, er víðáttan og sumarblíðan víðs fjarri, svört óveðurský grúfa sig yfir ógnvekjandi og hrikalega fjallanáttúruna. Umbreytingarkraftur íss og elda er honum einnig hugleikið myndefni. Hann malar skriðjökla og hverasvæði eins og sjá má í verkinu *Krýsuvík* (bls. 26), 1956, þar sem háir gufustrókar rísa upp úr bullandi hverum. Verk þessi má túlka sem hugleiðingar listamannsins um þá ógnarkrafta sem búa í náttúrunni og smæð mannsins frammi fyrir þeim.

Umbreytingaröfl náttúrunnar voru Guðmundi hugleikin, en ekki síður sambýli manns og náttúru. Í verkum hans má greina áhuga á þeim þáttum menningarinnar sem ekki hafa glatað tengslum sínum við náttúruna. Frá lokum síðustu aldar hafa listamenn leitað á ýmsum forsendum út fyrir vestræna síðmenningu eftir innblæstri og fyrirmyndum. Á ýmsum jaðarsvæðum, svo sem í listsköpun „frumstæðra“ menningarsvæða, alþýðulist og listsköpun barna, hafa þeir talið sig komast í tengsl við „upprunalega“ og náttúrulega menningu ósnortna af fjöldamenningu hins vestræna heims. Sumir listamenn hafa tileinkað sér tjáningaraðferðir viðkomandi menningarsvæða og unnið út frá þeim, en aðrir hafa fundið þar áhugaverð mótíf og efnivið í frásagnir. Eftir seinni heimsstyrjöldina fékk Guðmundur tækifæri til að ferðast um Grænland og Lappland, og hann segir í viðtali að sér hafi orðið það æ ljósara eftir því sem á leið að *norðurhjarí átti hug hans allan — slóðir norðursins voru hans sjónarsvið.* ⁹⁾

9) Tíminn, 19. nóv. 1955.

Verk Guðmundar Einarssonar frá norðurslóðum fjalla bæði um náttúru og menningu, ekki síst hvernig menningin á efnislegar rætur að rekja til þess lands og þeirra landkosta sem hún er sprottin úr. Í myndröð sem hann málaði 1952 af Sömum í Norður-Finnlandi sýnir hann okkur veðurbarin andlit, litskrúðuga

búninga, skinnþjöld og eldamennsku við opinn eld, eins og sjá má í verkinu *Samar við tjald* (bls. 5). Myndröðin fjallar um fólk sem lifir á fábrotinn hátt og nýtir sér þau hráefni sem fást úr náttúru og dýralífi heimaslóðanna.

Í fjölda vatnslitamynda af íslenskum torfbæjum má sjá ámóta viðhorf. Áhugi hans beinist enn að þeim þætti menningarinnar sem skírskotar til náttúrulegs uppruna og er þar af leiðandi lifandi vitnisburður um tengsl menningar og náttúru. Verk þessi vitna einnig um það hversu sterkar rætur Guðmundur átti í íslensku sveitalífi. Myndir þessar hafa oft á sér blæ staðarlýsingar, eru nákvæmar og unnar af stakri natni við öll smáatriði. Í verkinu *Sölvhóll* (bls. 11) má sjá litla torfbæinn hulinn snjó, náttúrunni hefur tekist að breyta og ummynda hinum manngerðu formum bæjarins. Það er eins og Guðmundur vilji benda okkur á að þrátt fyrir allt mun náttúran að endingu verða það afl sem ræður niðurlögum menningarinnar.

Vatnslitamyndir Guðmundar Einarssonar eru einungis lítill hluti af umfangsmiklu ævistarfi hans, en þær endurspegla glögg þau meginviðhorf sem einkenna listsköpun hans í heild. Sá hugmyndaheimur sem verk Guðmundar hverfast um er náttúran, en einnig má í verkum hans finna hugleiðingar um tengsl menningar og náttúru. Myndmál hans einkennist af trúnaði við hefðbundnar tjáningaraðferðir, en einmitt í vatnslitamyndum sínum sprengir hann þann ramma, leysir upp hina ströngu formgerð og þróast í átt að lausbeislæðri og innilegri tjáningu.

Kristín G. Guðnadóttir

The Great Ascent

The Watercolours of Gudmundur Einarsson from Middalur
1950–1963

Anyone who wants to be sincere in his art must work in accordance with his own world of ideas. (GE, 1955¹)

1) *Tíminn*, Nov. 19, 1955.

Gudmundur Einarsson from Middalur (1895-1963) belonged to the group of artists who regarded nature as one of the main principles on which their artistic work was based, and nature was the central point around which his conceptual world revolved. As a subject for artistic interpretation, nature has long been a major subject of Icelandic visual art. This vision of nature is diverse and personal, as artists adopt their individual standpoints towards their environment, interpreting it and shaping it on different conceptual and stylistic principles.

Gudmundur Einarsson's artistic career was characterized by an intense dynamism, together with diverse knowledge of the various artistic media. Most commonly associated with sculpture, he also engaged in oil painting, ceramics, graphic arts, cinematography and photography, besides his prolific writings. Furthermore, he undertook extensive soil studies in connection with his work in ceramics. Einarsson laid the foundation for his diverse knowledge of techniques at an early stage, during his student years in Copenhagen and Munich from 1919-1925, where he studied sculpture, fresco, graphic arts, drawing and pottery alongside traditional courses in painting and drawing. Immediately on completing his studies he became very active on the Icelandic art scene, staging solo exhibitions of paintings and sculptures virtually every year from 1925-1963, together with exhibitions overseas, in particular in Germany and Scandinavia. He established the Listavinahúsið ("Friends of the Arts") ceramics workshop in 1930, which he ran until 1955. His reliefs and sculptures have been set up in many places in Reykjavík and elsewhere in Iceland, and he also produced stained glass church decorations.

Watercolours were yet another area of Gudmundur Einarsson's extensive oeuvre. Having concentrated almost exclusively on watercolours as a young man, he abandoned the medium for many years, then returned to it at the end of the 1940s, marking the beginning of his fertile period of watercolour painting that would last for the rest of his life.²) In Iceland, watercolours were overshadowed by oils and generally considered an inferior medium, although they were recognized as an independent branch of painting; Ásgrímur Jónsson was the leading pioneer in their use. Painting in watercolours demands disciplined technique, and in order to control this medium which has a life of its own and tends to flow beyond the limits intended for it by the artist, speed and a gift for improvisation are needed. The interaction of paper and watercolours involves different properties from those yielded by oils and canvas. The surface of the paper acts with the watercolours and can even be seen through them, and the interplay of these effects enable the artist to reflect clarity and transparency and create a pictorial surface that glitters with light and atmosphere. Such properties make watercolours an especially apt medium for portraying dynamic natural effects such as the play of light on water and land, the transparency of the sky or the ever-

2) *Tíminn*, Nov. 19, 1955.

changing clouds, by capturing the transitory effect created by colour and light. It is fair to assume that Gudmundur Einarsson is referring to precisely these properties when he describes the way he used watercolours to sketch paintings from his travels.³⁾

3) Timinn, Nov. 19, 1955.

Although Gudmundur Einarsson studied in Germany from 1920-25, his works do not contain decisive allusions to the turmoil then reigning in European contemporary art, neither in terms of form nor content. Progressive artists on the continent at this time were seeking to interpret the complex world picture that faced them at the end of World War I, breaking down the classical values of art and traditions of painting with a view to finding new approaches for interpreting a new, alienated reality. Einarsson's standpoint towards his age and civilization, however, was radically opposed to the views of the progressive ideologists of urban Europe. Rejecting the notion that classical art was an obsolete form of expression, he firmly regarded the tradition as a medium capable of sustaining meaning. It is tempting to see this viewpoint as being shaped by his upbringing, his strong links with the deep-rooted Icelandic agricultural society, and Iceland's lack of visual art tradition may well have been a contributing factor as well. In an interview in 1956, he says that

I got to know classical art and was able to compare it with the groping, violent experiments of the so-called modern artists – the anarchistic movement in art. This is not to say that I wanted to imitate the Masters; rather, in their art I saw a solid foundation on which to build. ⁴⁾

4) Sudurland, Dec. 8, 1956:
Interview with Gudmundur Einarsson
by Gudmundur Danfæsson.

The stylistic and ideological principles of Einarsson's oil paintings can be located within the framework of conventional pictorial language. Their main characteristic is strict but traditional construction and a tempered palette. He uses oils to interpret the way that natural forces rework and alter nature's forms and colours, and he paints volcanoes, freezing fog on mountainsides, storm clouds, or Iceland's dramatic barren deserts and lofty mountains, as well as pictures of animals and everyday life. Seen together in context, Einarsson's oils and watercolours broadly deal with the same subjects, although pictures of animals and everyday life become less prominent in the latter, while atmospheric nature works come correspondingly to the fore. In general, watercolouring seems to lead him towards freer-reined expression and richer colouring, as if it unleashed his expressive force and made his interpretation more heartfelt. Two main currents or poles may be discerned in his watercolours. One group is works obeying the same laws of construction and colouring as his oil paintings, for example in *Mt. Herðubreið* (p. 29). Using conventional pictorial construction and tight strokes, he portrays this mountain – often called "the Queen of Icelandic Mountains" – as a sublime, distant vision. In the other group of works, Einarsson dissolves the formal composition of his watercolours and moves closer to an abstract interpretation of his subjects, as shown by *Autumn ambience* (p. 31) from 1962. While the form of nature remains the principle on which the work is based, it no longer obeys the laws of conventional pictorial language, but flows unrestrained and automatically, suggesting the artist's experience of nature rather than a mathematical documentation. His watercolours include a large number of closeups from nature, portraying the diversity and fine variations of delicate highland vegetation with a strong tendency to loosen up the formal composition of the works and let the earth colours paint themselves, as

seen in *Moss and vegetation* (p. 28). This dissolution of forms enables the artist to convey a more diverse vision of nature.

The main principle and driving force behind the view of nature that Gudmundur Einarsson presents in his watercolours from 1950-1963 is his close yet at the same time multifaceted relationship with nature. He was a highly active mountaineer and traveller, and a pioneer in highland exploration, at once a bold hiker taking on the forces of nature, a scientist who examined nature and analysed it, and above all else an aesthete and artist who sought to share with others the effects he experienced in nature, and to convey the wealth of forms and colours that he encountered in his travels through remote regions. The inspiration that he sought in nature appears to have been much more precious to him than his acquaintance of European urban culture. In his student years and later, he travelled widely through Europe and also visited Asia Minor and North Africa. In Europe he was mainly impressed by the colourful Turkish and Kurdish culture and customs, but was also powerfully affected by coming into contact with the ancient legacy of Greece and Rome. In contemporary European art, he found little attraction.⁵⁾ When he looked back to analyse the influences upon him during his travels, he concluded that mountains exerted the most powerful effect.

*I spent hours climbing mountains and absorbing the mysterious power that they contain. This has always been one of the strongest parts of my makeup ... Those journeys rescued me, in a sense, from involvement in the crisis that art had entered after World War I.*⁶⁾

His standpoint involved a rejection of urban culture and the cultural breach that left its mark on the European art scene between the wars. Instead, he presents nature as a contrast to culture, on the same principles as the 19th-century Romantics. As he says in his book *Men of the Mountains: Up there on the peaks your soul is so large, as if the mind is given wing.*⁷⁾

This attitude of nature versus culture seems to grow sharper in the course of time – his works embody the idea, implied in many places in his writings, that nature as a work of creation is mightier than any creation of the human spirit, and that travelling and living in contact with nature is the source of inspiration and the life-force. At the same time, however, he seems to regard nature as a challenge, and underlying various of his works is the myth of the artist as the bold mountaineer, standing on the highest peak looking across the vast expanses, in temporary triumph over nature. This attitude is mirrored in a review of his 1934 exhibition: *No Icelandic painter undertakes as vigorous an ascent in his quest for material as Gudmundur Einarsson from Middalur. He has spent long periods in the uninhabited interior and knows the highland mountains and moors better than almost anyone. He has not only seen mountains from a distance, but has also climbed them, seen the view from their peaks and got to know them from all sides.*⁸⁾

Despite his temporary triumph over nature, his enjoyment of its freedom and panorama or its proximity and tangibility, the artist is deeply aware of nature's forces and knows that man cannot control them. Gudmundur Einarsson consistently interprets the awesome forces of nature and their process of continuously transforming it and shaping new forms. In his *Laxárgljúfur chasm* (p. 21), 1950 the wide expanses and gentle summer have been replaced by black storm clouds hunched over terrifying, dramatic mountain scenery. The trans-

5) Gudmundur Einarsson. *Á Væringaslóðum* (Travelling to Byzantium) 1925, printed in *Fjallamenn* (Men of the Mountains) 1946, pub. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

6) *Suðurland*, Dec. 1956.

7) Gudmundur Einarsson. *Fjallamenn* 1946, p. 98.

8) Jón Eythórsson in *Nýja Dagblaðið*, Nov. 25, 1934.



Sölvhóll/ Sölvhóll farmstead
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
25 x 34 cm
Eigandi / owner: Auður V. Guðmundsdóttir

forming force of ice and fire is another favourite subject, in paintings of creeping glaciers and geothermal fields, for example *Krýsuvík* (p.26), with its clouds of steam rising from bubbling hot springs. These works may be read as the artist's reflections on the awesome force contained within nature, and man's smallness beside them.

While nature's forces of transformation appealed to Guðmundur Einarsson, so did man's cohabitation with nature. An interest in the aspects of culture that have not lost their links with nature may be discerned in his works. Since the end of the last century, artists have sought inspiration and models, from various starting-points, beyond western culture. In peripheral areas such as the art of "primitive" cultures, popular art and children's art, they have seen themselves as coming into contact with an "original" and natural culture, untainted by the mass culture of the western world. Some artists have adopted the techniques of expression of these cultures and worked using them, while others have found interesting motifs and narrative subjects there. After the Second World War, Einarsson had the opportunity to travel in Greenland and Lapland, and described in an interview how increasingly clearly he came to realize that *the High North captivated his whole heart – the lands of the north were his field of vision.*⁹⁾

Guðmundur Einarsson's works from the High North deal with both nature and culture, and not with culture's material roots in the land from which it grows. In his 1952 series of paintings of Saames in northern Finland, he portrays weatherbeaten faces, colourful costumes, tents of animal skins and cooking over an open fire, as in the work *Saame camp* (p. 5). The series portrays people

9) *Tíminn*, Nov. 19, 1955.

who live simple lives, making use of the raw materials offered by local nature and fauna.

A similar perspective may be seen in a number of watercolours of Icelandic turf-built farmhouses. His interest focuses on the element of culture that alludes to an origin in nature, making them a living testimony to the link between nature and culture. Furthermore, these works bear witness to the strength of his roots in the Icelandic countryside. They often have the air of local description, and are precise and painstaking renditions of minute detail. In his painting of *Sölvhóll* farmstead (p. 11) with its little turf farmhouse covered with snow, nature has managed to alter and metamorphose the man-made forms. Einarsson seems to want to point out that, in spite of everything, nature will eventually prove to be the force that determines the fate of culture.

Although Gudmundur Einarsson's watercolours only constitute a small part of his massive oeuvre, they clearly reflect the main viewpoints that characterize his art as a whole. The conceptual world around which his works revolve is nature, but they also contain reflections on the relationship between nature and culture. His pictorial language is characteristically faithful to conventional modes of expression, but it is indeed in his watercolours that he breaks out beyond this framework, dissolving strict formal composition and moving in the direction of freer, more heartfelt expression.

Kristín G. Guðnadóttir



Guðmundur Einarsson frá Miðdal
– æviágrip

- 1895 Guðmundur Einarsson fæddur 5. ágúst í Miðdal, Mosfellssveit.
- 1911–13 Nám við teikniskóla Stefáns Eiríkssonar í Reykjavík.
- 1914–15 Við róðra í Þorlákshöfn.
- 1916 Flyst til Reykjavíkur. Sækir tíma í teikningu hjá Þórarni B. Þorlákssyni og í myndhöggvaralist hjá Ríkardi Jónssyni. Stundar íþróttakennslu og skíðasmíði í Reykjavík.
- 1917–19 Gerir sjö höggmyndir í húsi Nathans og Olsens í Pósthússtræti.
- 1919 Nám við Listaháskólann í Kaupmannahöfn.
- 1920–25 Nám við Listaháskólann í München í höggmyndagerð, veggmyndamálun með fresco-tækni, svartlist og leirbrennslu.
- 1926–29 Ferðast víða um álfur.
- 1925 Einkasýning í Reykjavík.
- 1926 Einkasýning í Reykjavík.
- 1927 Einkasýning í Reykjavík.
Verk á sýningunni *Udstilling af Íslandsk Kunst*, Charlottenborg, Kaupmannahöfn.
- 1928 Einkasýning í Reykjavík.
Gerir verkið *Kona með könnu*, höggvið í grástein.
Lágmynd á gaffli Landspítalans í Reykjavík af lækningagjöfjunni með aðstoðarmeyjum.
Verk á samsýningunni *Moderne isländische Malerei* á vegum Die Nordische Gesellschaft, sem sýnd var í Galerie Louis Bock & Sohn, Hamborg, og Kunstsalon Neumann Nierendorf, Berlín.
Ritari í fyrstu stjórn Bandalags íslenskra myndlistarmanna.
- 1929 Einkasýning í Galerie Paulus, München.
- 1930 Einkasýning í Listvinahúsinu, Reykjavík.

Guðmundur Einarsson from Middalur
– Biography

- 1895 August 5. Born in Middalur, Mosfellssveit (SW Iceland).
- 1911-13 Attends Stefán Eiríksson's drawing school in Reykjavík.
- 1914-15 Fisherman in Thorlákshöfn, S Iceland.
- 1916 Moves to Reykjavík. Takes drawing lessons from Þórarinn B. Thorláksson and sculpture lessons from Rikardur Jónsson. Sports teacher and ski maker in Reykjavík.
- 1917-19 Seven sculptures, in the Nathan and Olsen store, Pósthússtræti, Reykjavík.
- 1919 Eight months at the Royal Academy of Fine Arts, Copenhagen.
- 1920-25 Academy of Fine Arts, Munich. Studies sculpture, fresco, ink drawing and pottery.
- 1926-29 Travels widely.
- 1925 Solo exhibition in Reykjavík.
- 1926 Solo exhibition in Reykjavík.
- 1927 Solo exhibition in Reykjavík.
His works included in *Udstilling af Íslandsk kunst*, Charlottenborg, Copenhagen, in December.
- 1928 Solo exhibition in Reykjavík.
Granite sculpture *Woman with Jug*. Relief of the Muse of medicine and her assistants on the gable of the National Hospital, Reykjavík.
His works included in *Moderne isländische Malerei*, arranged by Die Nordische Gesellschaft, at Galerie Louis Bock & Sohn, Hamburg and Kunstsalon Neumann Nierendorf, Berlin.
Secretary on the first committee of the Federation of Icelandic Artists.

	Leirlistarsýning í Listvinahúsinu.	1929	Solo exhibition at Galerie Paulus, Munich.
	Verk á <i>Listasýningunni</i> 1930 í Kirkjustræti 12 í tilefni Alþingishátíðarinnar.	1930	Solo exhibition in Listvinahúsið, Reykjavík.
	Gerir lágmyndina <i>Landtakan</i> á gaffli hússins að Austurstræti 14, Reykjavík.		Ceramics exhibition in Listvinahúsið.
1931	Einkasýning í Reykjavík.		His works included in <i>Art Exhibition 1930</i> , Kirkjustræti 12, part of festival to mark the millennium of the establishment of parliament.
1932	Verk á <i>Ísländsk konst</i> , samsýningu 13 íslenskra listamanna í Galleri Modern, Stokkhólmi, í Konstmuseet, Gautaborg, og Kunstforeningen, Ósló (sama sýning að mestu leyti).	1931	<i>Landing</i> , relief on gable of Austurstræti 14, Reykjavík.
1933	Einkasýning í Reykjavík.	1932	Solo exhibition in Reykjavík.
1934	Einkasýning að Skólavörðustíg 12.		<i>Ísländsk konst</i> , Galleri Modern, Stockholm, joint exhibition of works by 13 Icelandic artists.
1935	Einkasýning í Kunstforeningen, Ósló.		Gothenburg Art Museum, same exhibition.
1937–39	Farandsýning um Þýskaland á vegum Die Nordische Gesellschaft til 19 borga, m.a. Berlínar, Stuttgart, Würzburg, Pforzheimer, Kaiserslautern og Münchenar.	1932	Kunstforeningen, Oslo, largely the same exhibition.
1937	Menntaskólinn í Reykjavík, málverkasýning á vegum Menntamálaráðs, verk úr eigu Listasafns Íslands.	1933	Solo exhibition in Reykjavík.
	Miðbæjarskólinn í Reykjavík, listsýning á vegum Bandalags Íslenskra listamanna.	1934	Solo exhibition, Skólavörðustígur 12, Reykjavík.
1938	Loft í anddyri Háskóla Íslands úr silfurbergi. Módel fyrir það verk er á Skólavörðustíg 43.	1935	Solo exhibition, Kunstforeningen, Oslo.
1939	Einkasýning í vinnuskála Kristjáns Magnússonar, Skólavörðustíg, Reykjavík.	1937-39	Travelling exhibition arranged by Die Nordische Gesellschaft in 19 German cities, including Berlin, Stuttgart, Würzburg, Pforzheimer, Kaiserslautern and Munich.
1941	Verk á <i>Listasýningunni</i> á vegum Bandalags Íslenskra listamanna í Skálanum við Garðastræti, Reykjavík.	1937	Exhibition of paintings at Reykjavík Grammar School; Education Ministry exhibition of works from the National Gallery collection.
1942	Einkasýning á Skólavörðustíg 43, Reykjavík. Samsýning 13 listamanna í Oddfellowhúsi, Reykjavík, í tengslum við Listamannafélag.	1938	Miðbæjarskóli school in Reykjavík, Federation of Icelandic Artists' exhibition.
1943	Listasýningin 1943, sýning á vegum Félags Íslenskra myndlistarmanna og jafnframt opunarsýning. Sýningarskálans á Kirkjustræti 12 (Listamannaskálans), Reykjavík.	1938	Ceiling of lobby in University of Iceland main building, using Iceland spar. The model is at Skólavörðustígur 43.
	Gerir platta með vangamynd Jóns Sigurðssonar.	1939	Solo exhibition, Kristján Magnússon' workshop, Skólavörðustígur, Reykjavík.
1944	Yfirlitssýning í Listamannaskálanum á verkum Guðmundar frá árunum 1919–44 á 25 ára starfsafmæli hans.	1941	His works included in Federation of Icelandic Artists' exhibition, Skálinn, Garðastræti, Reykjavík.
	Verk á yfirlitssýningu úr safni Markúsar Ívarssonar, minningarsýning á vegum FÍM.	1942	Solo exhibition at Skólavörðustígur 43, Reykjavík.
	Listasýning FÍM í tilefni af stofnun lýðveldis á Íslandi 17. júní 1944, Listamannaskálanum.		Joint exhibition of works by 13 artists in the Oddfellows Building, Reykjavík, in connection with Artists' Conference.
	Guðmundur kosinn formaður Félags Íslenskra myndlistarmanna, endurkjörinn 1945.	1943	Federation of Icelandic Artists' (FÍM) exhibition; opening exhibition of Kirkjustræti 12 gallery (Listamannaskálinn) in Reykjavík. Makes plaque with profile of independence movement leader Jón Sigurðsson.
1946	Listamannaskálinn, Reykjavík, einkasýning	1944	Listamannaskálinn quarter - centenary retrospective of his works from 1919–1944.
	Bókin <i>Fjallamenn</i> kemur út		His works included in FÍM memorial retrospective from the Markús Ívarsson collection.
1949	Listamannaskálinn, Reykjavík, einkasýning		FÍM exhibition to mark the establishment of the Republic of Iceland, June 17, 1944.
	Kosinn formaður FÍM.		Elected chairman of FÍM. Re-elected 1945.
	Vinnur að gerð lágmynda og stuðlabergshvelfingar fyrir Þjóðleikhúsið		Listamannaskálinn, Reykjavík, solo exhibition.
1950	<i>Norræna listsýningin</i> í Atheneum og Konsthallen, Helsinki (Nordisk konst, Konstförbundets 5. ársutstilling). Alls sýna 27 íslenskir listamenn.	1946	Publication of his book <i>Fjallamenn</i> ("Men of the Mountains").
	Guðmundur og Sigurjón Ólafsson sendir utan sem fulltrúar Íslands.	1949	Listamannaskálinn, solo exhibition.
	Guðmundur sýnir einnig kvikmyndir sínar: <i>Fossar</i>		Elected chairman of FÍM.
			Makes reliefs and columnar basalt arches for National Theatre.


- og jöklar, *Heklugos, Hverir og Ísland nútímans* í Helsinki.
- Sýnir sömu kvikmyndir í Stokkhólmi sama ár, einnig í Husum, Lübeck, Flensburg, Bremen og Bochum í Þýskalandi.
- Listasafn Íslands, forsyning verka sem valin voru á Íslensku listsýninguna í Noregi.
- 1951 *Den officielle islandske kunstutstilling*, Kunstnernes Hus, Ósló. Sýningin fer einnig til Stavanger, Haugasunds, Björgvinjar, Álasunds og Niðaróss.
- Guðmundi falið að gera minnisvarða drukknaðra sjómanna í Vestmannaeyjum. Verkið afhjúpað í nóvember.
- 1952 Á verk á Ólympíu-listsýningunni í Helsinki í tilefni af 15. Ólympíuleikunum. Sýnir m.a. verkið *Hinn eilífi Ólympíueldur*.
- Einkasýning í Konsthallen, Helsinki.
- Lágmyndin *Samvinna til sjárvar og sveita*, Hótel KEA á Akureyri, gerð á árunum 1950–52.
- 1953 Tekur þátt í alþjóðlegri samkeppni myndhöggvara í London.
- Fullgerir höggmynd af Skúla fógeta, verkið steipt í brons í Kaupmannahöfn (h. 2,8 m). Skúli fógeti afhjúpaður 19. ágúst 1954.
- 1955 Einkasýning í Listamannaskálanum, Reykjavík
- Gefur verkið *Sögu* til væntanlegrar Handrita-byggingar.
- Lætur af stjórn Listvinahússins, við tekur Einar Guðmundsson.
- 1955–56 *Landschaft und Menschen in der isländischen Malerei*. Farandsýning um Þýskaland á vegum félagsins Germania. Átta listmálarar taka þátt í sýningunni sem sett var upp í Darmstadt, Erlangen, Berlín, Trier og München.
- 1956 Einkasýning á Skólavörðustíg 43, Reykjavík. 40 ára afmælisýning, en Guðmundur flutti til Reykjavíkur 19. október 1916.
- Bókin *Bak við fjöllin* kemur út. Minningar-skjöldur um Kristján Ó. Skagfjörð settur upp í Skagfjörðsskála, Þórsmörk.
- 1956–57 Einkasýning, Templarahúsinu, Hafnarfirði
- Vinnur að gerð steindra glugga fyrir Bessastadakirkju, falið verkefnið að undangenginni samkeppni. Alls eru gerðir 8 gluggar, Guðmundur hannar fjóra en Finnur Jónsson fjóra. Gluggarnir vígðir 12. júní 1957.
- 1957 Einkasýning í Tjarnarlundi, Keflavík.
- Einkasýning á Skólavörðustíg 43, Reykjavík.
- 1958 Einkasýning á Akranesi.
- Einkasýning á Skólavörðustíg 43, Reykjavík.
- Samsýning Höskuldar Björnssonar og Guðmundar á Skólavörðustíg 43, Reykjavík.
- 1959 Einkasýning á Ísafirði.
- Stytta af Jóni Arasyni í bronsi afhjúpuð á Munkaþverá.
- Einkasýning í Bolungarvík.
- Einkasýning á Skólavörðustíg 43, Reykjavík.
- 1950 *Nordic Art*, Atheneum and Konsthallen, Helsinki. (Nordisk konst, Konstförbundets 5. årsutställing) Exhibition includes works by 27 Icelandic artists; Guðmundur Einarsson and Sigurjón Ólafsson attended in person as Icelandic representatives.
- In Helsinki, also shows his films *Waterfalls and Glaciers, Eruption in Mt. Hekla, Hot Springs and Modern Iceland*.
- Shows these films in Stockholm the same year, and in Husum, Lübeck, Flensburg, Bremen and Bochum in Germany.
- National Gallery of Iceland. Preview of works to be sent to Icelandic exhibition in Norway.
- 1951 *Den officielle islandske kunstutstilling*, Kunstnernes Hus, Oslo. Exhibition travels to Stavanger, Hagesund, Bergen, Alasund and Nidaros.
- Commissioned to sculpt memorial to drowned fishermen in the Westman Islands. Unveiled in November.
- 1952 His works included in exhibition to mark the 15th Olympic Games in Helsinki. Among them is his work *The Eternal Olympic Flame*.
- Solo exhibition in Konsthallen, Helsinki
- Relief at Hótel KEA, Akureyri, symbolizing the cooperative movement.
- 1953 International sculpture competition, London.
- Completes statue of Skúli Magnússon, sheriff of Reykjavík. 2.80 metres high, cast in bronze in Copenhagen. Unveiled in Reykjavík, August 19, 1954.
- 1955 Solo exhibition in Listamannaskálinn, Reykjavík.
- Donates *Saga* til proposed manuscript institute.
- Retires from Listvinahúsid committee, succeeded by his son Einar Guðmundsson.
- 1955–56 *Landschaft und Menschen in der isländischen Malerei*. Travelling exhibition in of works of eight painters Germany, arranged by Germania (Icelandic-German Society). Staged in Darmstadt, Erlangen, Berlín, Trier and Munich.
- 1956 Solo exhibition, Skólavörðustígur 43, to mark the 40th anniversary of when he moved to Reykjavík (October 19).
- Publication of his book *Bak við fjöllin* ("Behind the Mountains").
- Memorial to Kristján Ó. Skagfjörð installed in Skagfjörðsskáli cabin, Þórsmörk nature reserve.
- 1956–57 Solo exhibition, Goodtemplers' Building, Hafnarfjörður.
- Produces stained glass windows for Bessastadir Church (commission following competition).
- Guðmundur Einarsson designs four of the windows and Finnur Jónsson the other four.
- Consecrated on June 12.
- 1957 Solo exhibition in Tjarnarlundur, Keflavík (SW Iceland).
- Solo exhibition, Skólavörðustígur 43

- Leirmunasýning Listvinahússins, 30 ára afmælis-sýning.
Höggmynd af erni afhjúpuð við félagsheimilið Skúlagarð í Kelduhverfi.
- 1960 Einkasýning í Bogasal Þjóðminjasafns, 65 ára afmælisýning listamannsins.
Einkasýning, Galerie Pinx, Helsinki.
Steindir gluggar í Akureyrarkirkju afhjúpaðir.
Gluggarnir voru gerðir af Guðmundi og Fr. Cole, en útfærðir af J. Wippell í Exeter, Cornwall, Englandi. Á meðan á gerð glugganna stóð dvaldi Guðmundur um hríð í Exeter.
Einkasýning í Landsbankahúsinu, Akureyri, 1961
Höggmyndin *Konan með lampann* afhjúpuð við Kvinnaskólann á Blönduósi.
Einkasýning í Ólafsvík.
Minnismerki sjómanna afhjúpað á Ólafsvík.
Konumynd afhjúpuð við Héraðsspítala Húnavetninga, Blönduósi.
Einkasýning á Blönduósi.
Einkasýning á Skólavörðustíg 43, Reykjavík.
- 1962 Einkasýning í Akoges, Vestmannaeyjum.
Tekur þátt í samsýningu (vorsýningu) Myndlísta-félagsins í Listamannaskálanum. Altaristafla í Brimavallakirkju, Fróðárhreppi, Snæfellsnesi
Kona með barn, höggmynd í Vogum í Mývatns-sveit afhjúpuð.
- 1962–63 *Isländische Graphik, Zeichnungen und Aquarelle*, farandsýning um Þýskaland.
20 íslenskir listamenn áttu verk á sýningunni, sem hófst í Kiel og var sýnd í tíu þýskum borgum.
- 1963 Guðmundur Einarsson látinn 23. maí, á 68. aldursári.
- Guðmundur gerði auk þess fjölda brjóstmynda og vanga-mynda, t.d. af Magnúsi Guðbjörnssyni hlaupara, Júlíusi Schopka konsúl, Ólafi Hvanndal, Sigurði Guðmundssyni list-málara, Agnari Kofoed-Hansen og af Maulenberg, fyrsta katólska biskupnum á Íslandi. Sú mynd var steyp t í brons og sett upp við Kristskirkju 1993.
- 1958 Solo exhibition in Akranes (W).
Solo exhibition, Skólavörðustígur 43.
Joint exhibition with Höskuldur Björnsson at Skólavörðustígur 43.
- 1959 Solo exhibition in Ísafjörður (NW).
Bronze statue of Jón Arason (last Catholic bishop of Iceland) unveiled in Munkathverá (N).
Solo exhibition in Bolungarvík (NW).
Solo exhibition, Skólavörðustígur 43
Listvinahúsið 30th anniversary ceramics exhibi-tion.
Eagle sculpture unveiled at Skúlagarður commu-nity centre, Kelduhverfi (N).
- 1960 Solo exhibition at the National Museum to mark his 65th birthday.
Solo exhibition, Galerie Pinx, Helsinki.
Stained glass windows unveiled in Akureyri Church (N). Designed by Guðmundur Einarsson and F. Cole; GE stayed in Exeter, Devon, where they were produced by J. Wippell.
Solo exhibition, National Bank of Iceland, Akureyri.
- 1961 Sculpture *Woman with Lamp* unveiled at Blönduós Girls' School (N).
Solo exhibition in Ólafsvík (W).
Memorial to fishermen unveiled in Ólafsvík.
Sculpture of woman unveiled at Blönduós District Hospital (N).
Solo exhibition in Blönduósi.
Solo exhibition at Skólavörðustígur 43.
- 1962 Solo exhibition in Akoges, Westman Islands
Joint Artists' Society spring exhibition in Listamannaskálinn.
Altarpiece in Brimvellir Church, Snæfellsnes (W).
Woman and Child, sculpture unveiled in Vogar, Mývatnssveit (N).
- 1962-63 *Isländische graphik, zeichnungen und aquarelle*. Travelling exhibition in Germany.
Works by 20 Icelandic artists. Opened in Kiel and staged in ten cities.
- 1963 Guðmundur Einarsson dies on May 23, aged 68.

In addition, Guðmundur Einarsson made many busts and pro-files, e.g. Magnús Guðbjörnsson (runner), Júlíusi Schopka (consul), Ólafur Hvanndal, Sigurdur Guðmundsson (painter), Agnar Kofoed-Hansen and Fr. Maulenberg, the first post-Reformation Catholic bishop of Iceland. Cast in bronze and set up by Kristskirkja, Reykjavík, in 1993.



Snæfellsjökull / Snæfellsnes glacier, 1959
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
70 x 110 cm
Eigandi / owner: Ragnheiður Þórðardóttir



Hafis við Grænland / Sea ice off Greenland, 1959
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
41 x 55 cm
Eigandi / owner: Oddný Laxdal



Ásbyrgi / Ásbyrgi cliffs, 1956
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
52 x 68 cm
Eigandi / owner: Egill Sigurgeirsson



Laxárgljúfur / Laxárgljúfur chasm, um 1950
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
50 x 67 cm
Eigandi / owner: Egill Már Guðmundsson



Haustlitir / Autumn colours
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
24 x 30 cm
Eigandi / owner: Lydia Pálsdóttir




Heiðavatn / Lake Heiðavatn, 1954
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
46 x 62 cm
Eigandi / owner: Lydia Pálsdóttir



Gjá á Þingvöllum / Chasm at Thingvellir, 1957
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
56 x 100 cm
Eigendur / owners: Lilja Hallgrímsdóttir og Árni Norfjörð



Frá Krýsuvík / Krýsuvík geothermal field, 1956
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
47 x 58 cm
Eigandi / owner: Gísli Baldur Jónsson



Útigönguhöfði / Útigönguhöfði promontory, 1955
varnslitir á pappír / watercolours on paper
60 x 70 cm
Eigandi / owner: Friður Guðmundsdóttir



Mosi og gróður / Moss and vegetation
vatnsliitir á pappír / watercolours on paper
50 x 65 cm
Eigandi / owner: Egill Már Guðmundsson



Herðubreið / Mt. Herðubreið
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
65 x 100 cm
Eigandi / owner: Ellen Sighvatsson



Hauststemning / Autumn ambience, 1962
vatnslitir á pappír / watercolours on paper
45 x 48 cm
Eigandi / owner: Ari Trausti Guðmundsson

Guðrún Jónsdóttir, formaður/chair
Guðrún Ágústsdóttir
Helgi Pétursson
Inga Jóna Þórðardóttir
Jóna Gróa Sigurðardóttir

Tumi Magnússon
Selma Guðmundsdóttir

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur/Director of the Reykjavík Municipal Art Museum
Gunnar B. Kvaran

Ljósmyndun/Photography
Kristján Pétur Guðnason

Þýðing/Translation
Bernard Scudder

Yfirllestur handrita/Proofreading and editing
Mörður Árnason
Bernard Scudder

Umsjón með gerð sýningarskrár/Catalogue production
Kristín G. Guðnadóttir

Hönnun sýningarskrár/Catalogue design
Hildigunnur Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnsla/Colour separation and montage
Prentmyndastofan hf.

Prentun og bókkband/Printing and bookbinding
G. Ben. - Edda Prentstofa hf.

© Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Municipal Art Museum
v / Flókagötu, 105 Reykjavík

ISBN 9979-874-00-7



Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur
The Reykjavík Municipal Art Museum

maí – júní 1995

ISBN 9979-874-00-7



9 789979 874003